

**AUGLÝSING****um skipulag í Skeiðahreppi í Árnessýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Skeiðahrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1971.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

9. marz 1971.

Nr. 46.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 214 25. október 1966 um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.**

1. gr.

3. gr. 2. b. reglugerðarinnar breytist þannig að í stað orðanna: „Til 31. desember 1968“, komi orðin: „Til 31. desember 1972“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, og lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. marz 1971.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Þórður Ásgeirsson.*

18. marz 1971.

Nr. 47.

**AUGLÝSING****um gjaldskrá fyrir þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd.**

1. gr.

Þungaskattur af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, greiðist fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli, sem hér segir: